

um helgina

# Tvær sýningar á Kjarvalsstöðum

I dag hefst annasöm og viðburðarík vika að Kjarvalsstöðum. Þá verða opnaðar þær tvær sýningar: Norræn list í Feneyjum '78 og Leikmyndin. Í kvöld verður svo sýning á Flugleik, og eru ráðgerðar 5 sýningar á því verki næstu kvöld.

Norræn list í Feneyjum '78 er sýning á framlagi Norðurlandanna til Biennalsins í Feneyjum í fyrra. La Biennale di Venezia er stór, alþjóðleg myndlistarsýning, haldin annað hvert ár. Íslendingar hafa nokkrum sinnum áður tekið þátt í henni (Þorvaldur Skúlason, Svavar Guðnason og Sigurður Guðmundsson), en í fyrra tóku öll Norðurlöndin sig saman og mynduðu eina deild. Slík samvinna Norðurlandanna hafði þá ekki verið reynd áður.


Til sýningarinnar völdust: Sigurður Guðmundsson frá Íslandi, Olavi Lanu frá Finnlandi, Lars Englund frá Svíþjóð, Frantz Widerberg frá Noregi og Danirrir Stig Brøgger, Hein Heinesen og Mogens Möller.

Eftir að sýningunni lauk í Feneyjum í fyrrahausti var ákveðið að setja norrænu deildina upp allsstaðar á Norðurlöndum til þess að gefa heimamönnum kost

á að sjá hvernig staðið er að kynningu á list þeirra á alþjóðavettvangi. Sýningin var fyrst sett upp í Noregi, þá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi. Ísland er síðasti áfangastaðurinn. Norræni menningarsjóðurinn kostar sýninguna hingað til lands. Sigurður Guðmundsson og Olavi Lanu setja upp sýninguna á Kjarvalsstöðum, og hefur henni verið komið fyrir á göngum og í kaffistofu.

I vestursalnum verður opnuð sýning á verkum 13 íslenskra leikmyndateignara, og nefnist sú sýning Leikmyndin. Þar kennir ýmissa grasa: leiktjöld, búningar, leikmunir, teikningar og módel. Listamennirnir þrettán, sem þar sýna eru: Baltasar, Birgir Engilberts, Guðrún Svava Svavarsdóttir, Gunnar Bjarnason, Gylfi Gíslason, Lásur Ingólfsson, Magnús Pálsson Magnús Tómasson, Messíana Tómasdóttir, Sigurjón Jóhannsson, Steinhólr Sigurðsson, Valgerður Bergsdóttir og Þórunn Sigrlíður Þorgrímsdóttir.

I vestursalnum verða einnig sýningar á Flugleik, einsog fram kemur annarsstaðar á síðunni. — ih



Erlingur Gíslason brá á leik meðan verið var að setja upp sýninguna Leikmyndin í vestursal Kjarvalsstaða í fyrradag. Ljós. — eik.

## Flugleikur sýndur að Kjarvalsstöðum

I kvöld kl. 20.30 hefur Þjóðleik-húsið að nýju sýningar á Flugleik, sem sýndur var á Alþjóðlegu vörusýningunni í Reykjavík í ágúst s.l. Sýningarnar verða að Kjarvalsstöðum á hverju kvöldi þessa viku.


Flugleikur gerist um borð í breiðbotni Flóka Vilgerðarsyni á flugleiðinni Keflavík — New York — Keflavík og eru persónurnar áhöfn og farþegar. Sýningin er óvenjuleg að því leyti að hún margvíslegustu frásagnarabferðum er beitt, þar eð mjög víða er komið við í atburðarásinni. Þannig blandast saman látbragðsleikur, söngur og dans svo úr verður mjög litrík og fjöruk leiksýning.

Verkið er samið í hópvinnu og höfundar textans eru þau Brynja Benediktsdóttir, sem jafnframt er leikstjóri, Erlingur Gíslason, sem einnig leikur Gísla flugstjóra og Þórunn Sigurðardóttir, sem leikur Þóru yfirflugfreyju. Aðrar flugfreyjur leika þær Saga Jónsdóttir, Lilja Þórisdóttir og Guðrún Þórðardóttir. Sigurjón Jóhannsson er höfundur leikmyndarinnar og Karl J. Sighvatsson samdi tónlistina.

Flugleikur var fyrst sýndur sl. sumar á leiklistarhátíð í Cardiff í Wales og á þrjátíu ára afmæli Íslendingafélagsins í London 17. júní og var mjög vel tekið á báðum stöðum.

## Guðmundur Björgvinsson sýnir í Vestmannaeyjum

I dag opnar Guðmundur Björgvinsson myndlistarsýningu í Akogeshúsinu í Vestmannaeyjum. Þar sýnir hann rúmlega þrjátíu pastel-teikningar gerðar á síðustu tveimur árum og eru þær allar til sölu. Viðfangsefni Guðmundar er maðurinn, ýmist nakinn eða sveipaður klæðum ýmiskonar, en stöku sinnum sést landslagi bregða fyrir. Guðmundur hefur áður haldið tvær einkasýningar í Reykjavík, síðast í Norræna húsinu 1978, en einnig brugðið sér með sýningar út á landsbyggðina og tekið þátt í nokkrum samsýningum.



Guðmundur Björgvinsson við eina af myndum sínum.



Aðstandendur Flugleiks. Sú breyting hefur orðið á áhöfninni síðan í flugtaki, að Guðlaug María Bjarnadóttir (önnur f.h. í aftari röð) sagði upp starfi sínu sem 2. flugfreyja, en Saga Jónsdóttir tók við af henni.

## Leika spænska gítar tónlist

Gítarleikararnir Simon H. Ivarsson og Siegfried Kobylza frá Austurríki, eru að hefja tónleikaferð um landið, og spila þeir eingöngu spænska gítarmúsík. Annarsvegar spænska klassískamúsík og hinsvegar flamingomúsík. Aheyrendum gefst þar með einstakt tækifæri að kynnast nánar þessari vinsælu þjóðarmúsík Spánverja, en hún er nánar kynnt sérstaklega á prógramminu.

Tónleikaferðin hefst 29. sept. og stendur yfir til 12. okt. og er leitast við að fara sem víðast. Þeir félagar byrja að spila í félagsheimilinu í Vestmannaeyjum. 29. sept. en daginn eftir verða þeir með kynningu á hljóðfæri sínu í tveimur skólum. Mánudaginn 1. okt. spila þeir í Menntaskólanum á Akureyri eftir setningu skólans. Á þriðjudeginum 2. okt. verður haldið til Húsavíkur og spilað verður í tveim skólum þar, og tónleikar síðan um kvöldið. Miðvikudaginn 3. okt. spila Simon og Siegfried í Norræna húsinu í Reykjavík kl. 9. Síðan verður haldið til Austfjarða og á tímabilinu 4. okt.—7. okt. verða tónleikar á Egilsstöðum, Neskaupstað, Seyðisfirði og Eskifirði.

Áætlað er að spila síðan í Njarðvík og þann 10. okt í Borgarfirði; að lokum í Háskóla Íslands þann 11. okt.

# „Ég er alltaf að búa til myndir“

## Rætt við Sigurð Guðmundsson listmálara

Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður er staddur hér á landi þessa dagana, en hann hefur verið búsettur í Hollandi síðan 1970. Blaðamaður Þjóðviljans hitti hann að máli þar sem hann var að hengja upp myndir sínar í kaffistofu Kjarvalsstaða nú í vikunni.

Sigurður var fenginn til að koma hingað ásamt finnska listamanninum Olavi Lanu og setja upp sýninguna Norræn list í Feneyjum '78, en hún verður opnuð í dag, einsog fram kemur annarsstaðar í blaðinu. Ég spurði Sigurð fyrst hvað hann væri helst að fást við um þessar myndir.

— Ég er alltaf að búa til myndir, — sagði hann. — Ég sýni heilmikið, alltof mikið reyndar. Er t.d. með eina einkasýningu í gangi núna, í Hollandi. Svo kenni ég við Listaakademíuna í Enchede. Þar eru þrjár Íslendingar við nám, en samtals eru eitthvað um tuttugu íslenskir myndlistarmenn við nám í Hollandi.

— Hvernig stendur á þessum Hollands-áhuga?



Sigurður Guðmundsson: myndirnar mínar eru skyldar gjörningum. Ljós. — eik.

— Það er svo mikil tradisjón fyrir myndlist í Hollandi, þetta er þeirra menningarframlag, alveg einsog með bókmenntirnar hjá okkur. Svo er mikill munur á standard í Hollandi og t.d. í Danmörku — þetta er allt annað, miklu stærra og opnara. En það er dýrt að lifa í Hollandi núorðið, og krakkarnir fá enga styrki þar, þau lifa á námslánum frá Íslandi.

— En er ekki vel búið að myndlistarmönnum í Hollandi?

— Jú. Þar er nefnilega gert ráð fyrir því að þjóðfélagið hafi þörf fyrir myndlistarmenn, ekkert síður en t.d. pipulagningarmenn. Það er gert ráð fyrir þeim í fjárlögum.

— Margar mynda þinna eru ljósmyndir. Ertu mikið í ljósmyndun?

— Ég er í ljósmyndun á sama hátt og ljóðskáld er í bókagerð. Ég veit ósköp lítið um ljósmyndun. Myndirnar mínar eru miklu skyldari gjörningum (performance) en ljósmyndum. Ég byggi upp myndrænt ástand, sem er svo ljósmyndað.

Sigurður hefur tvisvar átt myndir á Biennialum í Feneyjum. Í fyrra mynduðu Norðurlöndin sérstaka deild á sýningunni, og verður því fyrirkomulagi væntanlega haldið áfram.

— Það er mikill áhugi fyrir því á Norðurlöndum að halda áfram að bjóða Íslendingum þátttöku, — sagði Sigurður, — og þeir hafa boðið Magnúsi Pálssyni að vera með næst, í júníþyrjun 1980. —ih

## Íslensk grafík: Síðasta sýningarhelgi

Nú fer hver að verða síðastur til að sjá þá marglöfðu sýningu Íslensk graffík, afmælissýningu Íslenskra graffíklistamanna í Norræna húsinu.

Sýningin er opin í dag og á morgun kl. 14 — 22. Í sunnudagsblaði Þjóðviljans á morgun verður sagt frá sýningunni í máli og myndum. —ih

## Eldri Eyfirðingum boðið til kaffidrykkju

Það er orðin árleg hefð á hverju hausti, að Eyfirðingafélagið í Reykjavík efnir til kaffidags að Hótel Sögu þar sem öllum Eyfirðingum 67 ára og eldri er boðið til kaffiveislu, auk þess sem sitthvað annað er á dagskrá. Að þessu sinni er kaffidagur Eyfirðingafélagsins nk. sunnudag, 30. september, að vanda að Hótel Sögu og verður húsið opnað kl. 2 (Súlusalur).

Mörg undanfarin ár hefur mikið fjölmenni komið á Sögu þennan dag og er það von félagsins, segir í tilkynningu þess að sem allra flestir fjölmenni, bæði hinir sérstöku boðgestir sem og allra flestir norðanmenn, bæði til að styrkja gott málefni og hitta vini og kunningja. Eins og á fyrri kaffidögum verður basar með miklu úrvali muna og mun allur ágóði renna til menningar- og góðgerðarmálefna í Eyjafirði.

## Málfreyjur kynna sig í Hafnarfirði

Samtök málfreyja á Íslandi eru að hefja vetrarstarf sitt. Íslenskar málfreyjur eru aðilar að Alþjóðasamtökum málfreyja, sem á ensku heita Toastmistress Clubs. Þessi samtök segjast hafa að markmiði að efla með einstaklingnum sjálfsþroska og hæfni til að tjá sig. Samtökin eru fjörutu ára gömul og hafa innan sinna vébanda konur um víða völd, þaraf 2 deildir á Íslandi, í Keflavík og Reykjavík.

Nú stendur til að halda kynningarfund í Hafnarfirði og verður hann í veitingahúsinu Gaff-Inn við Reykjavíkurveg n.k. laugardag þann 29. sept. og hefst kl. 14.00. Eru konur úr Hafnarfirði og nágrenni boðnar velkomnar og aðgangur ókeypis.

## Ljón selja perur

Nú um helgina gengst Lionsklúbbur Hafnarfjarðar fyrir álegri perusölu í Hafnarfirði. Agóði af sölu rennur allur til líknarmála.

Á undanföllum árum hefur Lionsklúbbur Hafnarfjarðar m.a. haft það verkefni á dagskrá sinni að koma á og aðstoða heimilí þroskaheftra í Hafnarfirði, auk styrkja til ýmissa líknarmála. Klúbbfélögum hefur jafnan verið vel tekið af Hafnfirðingum og gera þeir sér vonir um góðar undirtektir nú.